



Skýrsla stjórnar 2017

Starfstímabilið
4. júní 2016
til 27. maí 2017





A close-up photograph of a bicycle wheel and frame, showing the spokes and the black frame. The background is blurred, suggesting an outdoor setting. The image is used as a decorative element on the left side of the page.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Yfirlit starfstímabils	4
Rekstur og fjárhagur.....	5
Félagsmenn NPA miðstöðvarinnar.....	5
Þjónustusvæði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks og NPA notendur; félagsmenn.....	5
Fjöldi NPA aðstoðarfólks.....	6
Stjórn.....	6
Fjöldi stjórnarfundar	6
Starfsmannahald og skrifstofa	6
Fræðslumál.....	6
Vefur NPA miðstöðvar og samfélagsmiðlar.....	7
Dagur aðgengis fyrir alla 11. mars 2017	7
Evrópudagur um sjálfstætt líf 5. maí 2017	7
Þátttaka NPA miðstöðvarinnar á Hjálpartækjasýningunni 5. og 6. maí 2017	8
Styrkur frá ÖBÍ	8
NPA verkefnisstjórn	8
Fjöldi NPA samninga á landinu.....	9
Sveitarfélögin og stjórnsýsla NPA þjónustunnar...	9
NPA vinnustundin og kjarasamningar.....	9

Inngangur

Á liðnu starfsári hafa verkefni stjórnar og skrifstofu NPA miðstöðvarinnar verið fjölbreytt og mörg. NPA samstarfsverkefnið, sem svo hefur verið nefnt, innleiðingar- og þróunarverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð, hefur verið starfrækt skv. IV. ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks en þar segir í 1. mgr.: „Sérstöku samstarfsverkefni ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka fatlaðs fólks skal komið á um innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar. Markmið verkefnisins er að þróa leiðir til að taka upp notendastýrða persónulega aðstoð við fatlað fólk með markvissum og árangursríkum hætti. Miða skal við að þjónustan verði skipulögð á forsendum notandans og undir verkstjórn hans um leið og hún verði sem heildstæðust milli ólíkra þjónustukerfa.“

Í 5. mgr. IV. bráðabirgðaákvæðisins segir nú að „faglegt og fjárhagslegt mat á samstarfsverkefninu skal fara fram fyrir árslok 2016 en þá skal verkefninu formlega vera lokið. Heimilt er að framlengja samninga sem gerðir hafa verið árið 2016 til ársloka 2017.“ Um síðastliðin áramót var felldur út texti í framangreindu ákvæði til bráðabirgða um að ráðherra skyldi í árslok 2016 leggja fram frumvarp til laga um að lögfasta NPA sem eitt af meginformum í þjónustu við fatlað fólk. Í stað þess texta er tekið fram að „heimilt sé að framlengja samninga sem gerðir hafi verið árið 2016 til ársloka 2017“, sbr. lög nr. 128/2016. Á sama tíma voru framlengd ákvæði í lögum nr. 46/1980 varðandi hvíldar- og næturvinnutíma aðstoðarfólks í NPA til ársloka 2017 (bráðabirgðaákvæði, 9. tölul.).

Ný ríkisstjórn tók til starfa á liðnu starfstímabili stjórnar. Í stjórnarsáttmála hinnar nýju ríkisstjórnar er kveðið á um að lögfasta skuli notendastýrða persónulega aðstoð. Á vormánuðum ársins 2017 lagði félags- og jafnréttismálaráðherra, Þorsteinn Víglundsson, fram frumvarp á Alþingi til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir. Í frumvarpinu er m.a. gert ráð fyrir lögfestingu á NPA.

Vinna stjórnar og skrifstofu á starfstímabilinu hefur áfram einkennst af því að NPA samstarfsverkefnið er enn á innleiðingar- og þróunarstigi, m.a. hjá stjórn-sýslu sveitarfélaga og í velferðarráðuneyti. Af því leiðir að fjölmargar áskoranir og álitamál hafa komið upp varðandi ýmsa þætti NPA framkvæmdarinnar. Þetta er m.a. vegna þess að lög, regluverk, samningsform og verkferlar er ennþá í mótn, ekki síst hjá sveitarfélögunum, og að efla þarf þekkingu margra aðila á NPA og hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf. Mikil vinna og óhagræði hjá NPA miðstöðinni hlýst af því hversu ósamræmt regluverk, nálgun og framkvæmd á NPA er á milli sveitarfélaga. NPA miðstöðin hefur hins vegar hlotið dýrmæta reynslu af sam-



Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir, Sóley Axelsdóttir og Hallgrímur Eymundsson, sitja að spjalli á aðalfundi NPA miðstöðvarinnar í síðastliðnum maí.

” Vinna stjórnar og skrifstofu á starfstímabilinu hefur áfram einkennst af því að NPA samstarfsverkefnið er enn á innleiðingar- og þróunarstigi, m.a. hjá stjórn-sýslu sveitarfélaga og í velferðarráðuneyti.

starfsverkefninu og starfsemi miðstöðvarinnar er stöðugt að eflast. Á tímabilinu var ráðinn nýr starfsmaður, verkefnastjóri á skrifstofu miðstöðvarinnar, sem sinnir sérstökum verkefnum, heldur utan um fræðslu- og kynningarstarf miðstöðvarinnar og annast ýmis skrifstofustörf.

Yfirlit starfstímabils

Liðið starfstímabil stjórnar hefur verið annasamt og viðburðarríkt hjá NPA miðstöðinni. Miðstöðin hefur tekið virkan þátt í starfi verkefnisstjórnar um NPA, meðal annars með þátttöku í vinnu við mótn handbókar um NPA, samningsforma, eyðublaða o.fl. Þekking og reynsla félagsmanna NPA miðstöðvarinnar hefur nýst afar vel við þessa vinnu og hafa NPA miðstöðin og félagsmenn hennar treyst sig í sessi sem mikilvægur aðili í umræðunni um NPA.

Uppbygging á innra starfi miðstöðvarinnar hefur haldið áfram á þessu starfstímabili. NPA miðstöðin hefur tekið í notkun skilmála sem gilda um félagsaðild hjá miðstöðinni. Skilmálarnir bæta til muna og skýra umsýsluhlutverk miðstöðvarinnar, skilyrði félagsaðildar og hvernig verklagi er háttað varðandi ráðningar, bókhaldsvinnu, skuldamál, innheimtu o.fl. Við upphaf starfstímabilsins var skuldasöfnun notenda talsvert vandamál hjá miðstöðinni. Jafnframt skorti miðstöðina úrræði og vandað verklag til að meðhöndla slík mál. Skuldasöfnunina mátti að mestu rekja til hækkandi launakostnaðar NPA aðstoðarfólks en sveitarfélög hafa, eins og miðstöðin

hefur ítrekað bent á, ekki hækkað framlag sitt til NPA samninga til samræmis við launaþróun. Með gildistöku skilmálanna sem og aukinni handleiðslu, fræðslu og ráðgjöf til félagsmanna og þrýstings á sveitarfélög að brúa bilið, hefur tekist að snúa við blaðinu og staðan er nú í eðlilegu horfi.

Áfram hefur verið vandkvæðum bundið að fá sveitarfélögin til að endurnýja NPA samninga í tíma fyrir áramót, en nær undan-tekningarlaust renna allir NPA samningar út um hver áramót, en eru oft ekki endurnýjaðir fyrr en eftir áramót. Eðlilegast væri að NPA samningar séu endurnýjaðir fyrir áramót með fyrirvara sem sé heldur lengri en uppsagnarfrestur NPA aðstoðarfólks viðkomandi NPA notanda. Stjórn og skrifstofa hefur unnið að því að auka þjónustu NPA miðstöðvarinnar við félagsmenn sína, bæði með aukinni fræðslustarfssemi, ráðgjöf og kynningarverkefnum sem og aðstoð við sjálfa framkvæmdina á NPA. Fjölgun félagsmanna og starfsmanna á skrifstofu er þar lykilatriði.

Markmið okkar fyrir komandi starfstímabil er að auka þjónustuna enn frekar við félagsmenn með markvissum hætti og fjölga félagsmönnum samhliða lögfestingu á NPA næstu áramót.


” Markmið okkar fyrir komandi starfstímabil er að auka þjónustuna enn frekar við félagsmenn.

Rekstur og fjárhagur

NPA miðstöðin svf. er samvinnufélag, sbr. lög nr. 22/1991 um samvinnufélög. Um eignarhald og ágóða er fjallað í 12. gr. samþykktu miðstöðvarinnar, sem hljóðar svo: „Félagið er í eigu félagsmanna og skal starfrækt án fjárhagslegs ágóðasjónarmiðs og skal félagsmönnum ekki greiddur út arður af starfsemi.“

Rekstrarafgangur upp á rúmar 7 milljónir kr. varð af starfsemi árið 2016, en miðstöðin hefur unnið að því að styrkja fjárhag félagsins síðustu ár. Einkum til að undirbúa aukin útgjöld vegna meiri og viðtækari þjónustu, sem að hluta til er þegar komin í gang og einnig sem fyrirhuguð er. Sú þjónusta felur í sér tilgang og hlutverk NPA miðstöðvarinnar, umsýsluaðila í NPA, sem og skyldur gagnvart félagsmönnum, NPA aðstoðarfólki, sveitarfélögum, stéttarfélögum o.fl. aðilum.

FJÖLDI FÉLAGSMANNA NPA MIÐSTÖÐVARINNAR OG DREIFING ÆIRRA UM LANDIÐ



**Félagsmenn NPA
miðstöðvarinnar**
13 manns eru með
NPA umsýslu
sína hjá miðstöðinni

Félagsmenn NPA miðstöðvarinnar

Félagsmenn miðstöðvarinnar, sem þá eru með NPA umsýslu sína hjá miðstöðinni, eru nú 13 en voru 17 á síðasta aðalfundi þann 4. júní 2016. Af þeim er einn félagsmaður með beingreiðslusamning, en hann er meðhöndlaður á sama hátt hjá miðstöðinni og NPA samningar með tilliti til umsýslunnar. Hinir 12 eru félagsmenn með NPA samninga. Tveir félagsmenn létust á starfstímabilinu og tveir hættu hjá NPA miðstöðinni vegna breyttra aðstæðna.

Á starfstímabilinu hefur verið lögð veruleg vinna í að semja skilmála, sem tóku gildi haustið 2016, og samningsform um félagsaðild að miðstöðinni er kveða á um vinnureglur, reglur um verkaskiptingu, hlutverk og ábyrgð NPA miðstöðvarinnar annarsvegar og félagsmanna hinsvegar, sbr. 3. gr., a. liður, í samþykktum miðstöðvarinnar.

Þjónustusvæði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks og NPA notendur; félagsmenn

Sveitarfélög á landinu tilheyra öll einhverju hinna 15 þjónustusvæða, sem mynduð voru vegna þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk. Félagsmenn NPA miðstöðvarinnar, 13 að tölu, skiptast niður á sex þjónustusvæði; fimm í Reykjavík, þrír í Mosfellsbæ, einn í Kópavogi, einn í Garðabæ, einn í Hafnarfirði, einn í Borgarnesi og einn á Dalvík.

FJÖLDI NPA AÐSTOÐARFÓLKS

62 gegndu stöðu NPA aðstoðarfólks
hjá félagsmönnum NPA
miðstöðvarinnar, um síðustu áramót,
í mismunandi starfshlutfalli.

Fjöldi NPA aðstoðarfólks

Um síðustu áramót gegndu 62 stöðu NPA aðstoðarfólks hjá félagsmönnum NPA miðstöðvarinnar, í mismunandi starfshlutfalli.

Stjórn

Á aðalfundi NPA miðstöðvar 4. júní 2016 voru þessi kjörin í stjórn og skiptu þau með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum nýkjörinnar stjórnar þann 22. ágúst 2016:

- Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður
- Hallgrímur Eymundsson, gjaldkeri
- Ragnar Gunnar Þórhallsson, ritari
- Ásdís Jenna Ástud. Ástráðsdóttir, meðstjórnandi
- Brandur Bjarnason Karlsson, meðstjórnandi

Varafulltrúar í stjórn voru kjörinir:

- Ásthildur Jóna Guðmundsdóttir, 1. varamaður
- Áslaug Ýr Hjartardóttir, 2. varamaður
- Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir, 3. varamaður

Í lok nóvember 2016 lauk félagsaðild Brands Bjarnasonar Karlssonar, meðstjórnanda, og sömu-leiðis umsýslu NPA miðstöðvarinnar með bein-greiðslusamningi hans. Á fundi stjórnar þann 25. janúar 2017 baðst Brandur formlega lausnar frá stjórn sem samþykkt var samhljóða. Tók varamaður sæti hans í stjórn.

Fjöldi stjórnarfunda

Á starfstímabilinu voru haldnir níu stjórnarfundir; þrír á árinu 2016 og sex á árinu 2017.

Starfsmannahald og skrifstofa

Verkefni skrifstofu hafa farið vaxandi, m.a. vegna innra starfs, samskipta við sveitarfélög og í tengslum við þátttöku NPA miðstöðvarinnar í verkefnisstjórn um NPA, mótun verklags, leiðbeininga og reglna um framkvæmd á NPA. Vegna aukinnar áherslu á uppbyggingu innra starfs, þótti brýnt að fá inn ráðgjafa og verkefnastjóra til NPA miðstöðvarinnar. Það þótti einkum mikilvægt til þess að móta og þróa fræðslu-starfsemi miðstöðvarinnar, sem verður eitt af megin viðfangsefnum NPA miðstöðvarinnar til framtíðar litið. Miðstöðin auglýsti fyrst eftir starfi ráðgjafa á

vormánuðum ársins 2016 en enginn umsækjenda uppfyllti þær kröfur sem gerðar voru í auglýsingunni. Um haustið var ákveðið að auglýsa á nýjan leik eftir starfi á skrifstofu miðstöðvarinnar í fjölbreytt verkefni. Tekin voru viðtöl við nokkra umsækjendur og á endanum var Silja Ástþórsdóttir ráðin inn sem verkefnastjóri og hóf hún störf þann 3. janúar 2017.

Störf verkefnastjóra hafa verið fjölbreytileg og hefur hún reynst öflugur liðsauki fyrir miðstöðina. Hún heldur utan um fræðslu- og kynningarstarfsemi NPA miðstöðvarinnar, sinnir upplýsingaflæði á samfélagsmiðlum ásamt því að veita félagsmönnum almenna þjónustu og ráðgjöf. Hjörtur Eysteinnsson sinnir áfram starfi skrifstofustjóra miðstöðvarinnar. Þá hafa formaður og einstakir stjórnarmenn unnið einstaka verkefni, bæði vinnuframlag sem greitt var fyrir og í sjálfböðavinnu.

Bókhald og öll launaumsýsla miðstöðvarinnar er eins og áður unnið af Cilian ehf, bókhaldsþjónustu, og BDO ehf, endurskoðunarfyrirtæki, annast endurskoðun (löggtur endurskoðandi). Hins vegar hefur miðstöðin um langa hríð stefnt að því að færa bókhaldið inn til miðstöðvarinnar og hefur undirbúningur þess staðið yfir um nokkurt skeið. Skrifstofustjóri hefur setið nokkur námskeið í notkun á DK hugbúnaði til þess að geta annast launakeyrslur miðstöðvarinnar frá miðju ári 2017. NPA miðstöðin hyggst kaupa/þróa hugbúnað til að auðvelda fyrir félagsmenn og miðstöðina allt það er varðar skipulag og utanumhald vinnustunda NPA aðstoðarfólks og launaumsýslu.



NPA miðstöðin hélt námskeið fyrir aðstoðarfólk sem haldið var 27. apríl 2017.

Fræðslumál

Fræðslumálin hafa að miklu leyti verið í biðstöðu hjá NPA miðstöðinni. Mikil áhersla er á fræðsluhlutverk umsýsluaðila á Norðurlöndunum. Markmið miðstöðvarinnar er að sinna margvíslegri fræðslu, til að

mynda með jafningjafræðslu, ráðgjöf, fyrirlestrum og námskeiðum, til félagsmanna, aðstoðarmanna, sveitarfélaga og almennings. Einkum með áherslu á hugmyndafræðina um sjálfstætt líf, vinnurétt og öryggi og um framkvæmd NPA. Bæði velferðarráðuneytið og stéttarfélögin hafa lýst yfir áhuga á aðkomu að fræðslumálunum og með lögfestingu á NPA mun koma til með að reyna mun meira á fræðsluhlutverk umsýsluaðila til NPA notenda og aðstoðarfólks.

” Markmið miðstöðvarinnar er að sinna margvíslegri fræðslu, til að mynda með jafningjafræðslu, ráðgjöf, fyrirlestrum og námskeiðum, til félagsmanna, aðstoðarmanna, sveitarfélaga og almennings.

Með ráðningu verkefnastjóra á skrifstofuna hefur skriður komist á fræðslumálin á nýjan leik. Nokkrir fundir fyrir jafningaráðgjöf félagsmanna hafa verið skipulagðir og haldnir þar sem áhersla er lögð á mismunandi þætti og álitafni er varðar NPA. Félagsmenn hafa mætt vel á þessa fundi og haft gagn af þeim. Þá hefur miðstöðin einnig staðið fyrir námskeiði fyrir NPA aðstoðarfólk um hlutverk þeirra og hugmyndafræðina um sjálfstætt líf. NPA miðstöðin mun halda áfram að útfæra þessi námskeið og fræðslu til framtíðar en fræðslu- og kynningarstarf miðstöðvarinnar mun koma til með að vera lykilþáttur í starfsemi hennar á komandi árum.

” Viðvera og sýnileiki NPA miðstöðvarinnar á samfélagsmiðlum hefur einnig aukist.



Vefur NPA miðstöðvar og samfélagsmiðlar

Vefur NPA miðstöðvarinnar hefur verið uppfærður og færður í nýrri hýsingu. Viðvera og sýnileiki NPA miðstöðvarinnar á samfélagsmiðlum hefur einnig aukist. Eftir að verkefnastjóri gekk til liðs við miðstöðina hefur þátttaka miðstöðvarinnar í umræðu um samfélagsleg málefni eflst til muna og þátttaka í ýmsum verkefnum.

Dagur aðgengis fyrir alla 11. mars 2017

Atburðurinn dagur aðgengis fyrir alla hófst í Bretlandi árið 2015 og hefur síðan breiðst út til annara landa. Í tilefni af degi aðgengis fyrir alla framleiddi NPA miðstöðin fimm stutt myndbönd til að vekja athygli á aðgengismálum. Heimsótt voru þjónustufyrirtæki, sem með litlum tilkostnaði höfðu bætt verulega aðgengi hreyfihamlaðra að sínu fyrirtæki. Myndböndin voru sýnd á samfélagsmiðlum og vöktu þó nokkra athygli.



Á hárgreiðslustofunni - Dagur aðgengis fyrir alla 11. mars 2017

NPA miðstöðin vann fimm myndbönd um aðgengi í tilefni af degi aðgengis fyrir alla þann 11. mars síðastliðin. Meðal annars var farið á hárgreiðslustofu og Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir varamaður í stjórn NPA miðstöðvarinnar, komst í hárfvott við vask sem gott aðgengi er að fyrir hjólastóla en slíkt aðgengi að vöskum er frekar sjaldgæft.

Evrópudagur um sjálfstætt líf 5. maí 2017

Þema Evrópudags um sjálfstætt líf þetta árið, var hvað fólk getur gert vegna þess að það hefur notendastýrða persónulega aðstoð. NPA miðstöðin nýtti tilefnið til að veita fólki innsýn í hvernig NPA nýtist fólki í sínu daglega lífi. Voru ýmsir NPA notendur fengnir til að sjá um Snapchat reikning NPA miðstöðvarinnar á tíu daga tímabili, í aðdraganda Evrópudags um sjálfstætt líf og nokkra daga í kjölfar hans. Hver og einn notandi var kynntur að morgni á Facebook síðu miðstöðvarinnar og sá svo um snappið þann daginn og bættist verulega í hóp þeirra sem fylgjast með NPA miðstöðinni á Snapchat.

Á Evrópudegi um sjálfstætt líf, þann 5. maí, var síðan starfsemi NPA miðstöðvarinnar kynnt á Hjálpartækjasýningu í Laugardalshöllinni sem hófst þann dag. Á sýningunni voru einnig frumsýnd tvö myndbönd, sem gáfu innsýn í líf NPA notenda og fylgst með lífi þeirra part úr degi.



Hallgrímur Eymundsson gjaldkeri NPA miðstöðvarinnar var einn þeirra sem sá um snapp miðstöðvarinnar. Hægt var að fylgjast með honum á ferðalagi í Tælandi, t.d. þegar hann naut sín í sjónum.



Það var mikið spjallað og skrafað á bás NPA miðstöðvarinnar á Hjálpartækjasýningunni sem haldin var í Laugardalshöllinni.

Þátttaka NPA miðstöðvarinnar á Hjálpartækjasýningunni 5. og 6. maí 2017

NPA miðstöðin tók í fyrsta sinn þátt í Hjálpartækjasýningu Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar sem haldin var í Laugardalshöllinni. Miðstöðin leigði bás sem skreyttur var í rauðum og appelsínugulum litum NPA miðstöðvarinnar. Stórir fánar með merki NPA miðstöðvarinnar þöktu veggj bássins. Myndböndin sem áður hafði verið minnst á, voru til sýnis á stórum skjá. Nafnspjöldum og upplýsingablöðum NPA miðstöðvarinnar var dreift til gesta og ljósmyndabókin Frjáls veitt að gjöf. Einnig stóð starfsfólk á básnum fyrir skemmtilegum spurningaleik um sjálfstætt líf og NPA miðstöðina.

Hjálpartækjasýningin reyndist góður vettvangur til að ræða við fólk og kynna starfsemi NPA miðstöðvarinnar og hugmyndafræðina á bak við sjálfstætt líf. Mikilvægt samtal náðist við fólk sem var að leita sér upplýsinga og ráðlegginga. Þetta samtal veitti okkur einnig innsýn og hugmyndir sem munu nýtast í áframhaldandi starfi NPA miðstöðvarinnar. Hefur miðstöðin fullan hug á því að taka þátt í næstu hjálpartækjasýningu.

Styrkur frá ÖBÍ

Á fundi stjórnar Öryrkjabandalags Íslands þann 17. maí 2017 var tekin fyrir umsókn NPA miðstöðvarinnar um styrk vegna kaupa og hönnunar á hugbúnaði sem heldur utan um NPA samninga, viðveruáætlanir og launaútreikninga aðstoðarfólks o.fl. ÖBÍ samþykkti að veita styrk að upphæð 3.000.000 kr. til verkefnisins og tilkynnti NPA miðstöðinni þessa ákvörðun með bréfi dags. 23. maí 2017. NPA miðstöðin fagnar

styrknum sem gerir kleift að bæta þjónustu við félagsmenn og auðvelda þeim og miðstöðinni sína vinnu til hagsbóta fyrir alla aðila.

NPA verkefnisstjórn

NPA verkefnisstjórn velferðarráðuneytis lauk störfum á starfstímabilinu og skilaði skilagrein til ráðherra með tillögum að lögfestingu NPA. Í verkefnisstjórninni sátu sjö einstaklingar: Formaður og einn fulltrúi til viðbótar skipaður af félagsmálaráðherra, ennfremur þrír tilnefndir af sveitarfélögunum. ÖBÍ og Landssamtökin Þroskahjálp tilnefndu svo einn fulltrúa hvor. Síðan hefur NPA miðstöðin átt einn áheyrnarfulltrúa á fundum NPA verkefnisstjórnar. Á starfstímabilinu sat skrifstofustjóri NPA miðstöðvarinnar fundi NPA verkefnisstjórnar fyrir hönd miðstöðvarinnar.

NPA verkefnisstjórnin hefur m.a. verið að endurskoða NPA handbókina, samningsformin og ýmislegt varðandi NPA framkvæmdina. Töluverðar tafir urðu á vinnu NPA verkefnisstjórnar á árinu 2015 vegna ágreinings Sambands íslenskra sveitarfélaga og velferðarráðuneytis, einkum um endurskoðun NPA handbókar og greiðsluhlutfall ríkissjóðs í kostnaði vegna NPA samninga. Hlutfallið var upphaflega 20%, hækkaði síðan í 25% og um þessar mundir er krafa Sambands íslenskra sveitarfélaga að hlutfallið verði 30%.

Velferðarráðuneytið og verkefnisstjórn um NPA héldu ráðstefnu um NPA í nóvember 2016. Að ráðstefnunni kom fjöldi fólks úr ólíkum áttum og sköpuðust áhugaverðar umræður um NPA. Á ráðstefnunni kynnti verkefnisstjórnin vinnu sína og lagði fram drög að handbók um NPA, samningsformum, eyðublöðum og öðrum gögnum sem unnin höfðu verið innan verkefnisstjórnarinnar á innleiðingartímabilinu. Þá voru einnig kynntar niðurstöður rannsóknar félagsvísinda- og hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um NPA.

” Velferðarráðuneytið og verkefnisstjórn um NPA héldu ráðstefnu um NPA í nóvember 2016.

Að mati miðstöðvarinnar var andrúmsloftið á ráðstefnunni gagnvart lögfestingu mjög jákvætt, en ljóst er að bæta þarf ýmsa faglega þætti er varðar framkvæmdina. Verkalýðsfélög gagnrýndu til að mynda að vinnumhverfi aðstoðarfólks væri ekki sýnt nægjanlegt aðhald og að það nyti ekki nægjanlegrar verndar. NPA miðstöðin telur að þessi gagnrýni eigi einna helst við um þá sem ekki eru með umsýslu aðila eins og NPA miðstöðina enda hefur miðstöðin

átt gott samstarf við verkalyðsfélög um framkvæmd á NPA, túlkun kjarasamninga og í viðræðum um réttindi NPA aðstoðarfólks og skyldur þess í NPA. Þá hefur miðstöðin vandað vel til verka hvað varðar faglega umgjörð og skipulag sinnar þjónustu er snýr að aðstoðarfólki, fræðslu og ráðgjöf til félagsmanna og aðstoðarfólks. T.d. þegar upp koma flókin og erfið mál.

50 NPA samningar um það bil, munu vera á landinu öllu.

Fjöldi NPA samninga á landinu

Fjöldi NPA samninga á landinu öllu munu vera u.þ.b. 50 talsins. Til ársloka 2017, á tímabili NPA samstarfsverkefnisins, hefur NPA verkefnisstjórnin ekki gert ráð fyrir fjölgun NPA samninga, en það ræðst af fjárveitingum ríkis og sveitarfélaga til verkefnisins. Þó virðast mörg sveitarfélög hafa áhuga á því að breyta gildandi beingreiðslusamningum, sem þau hafa gert við fatlað fólk eða aðstandendur fatlaðra barna, í NPA samninga. Þarna liggja tækifæri fyrir NPA miðstöðina til vaxtar.

Sveitarfélögin og stjórnsýsla NPA þjónustunnar


Skipulag NPA þjónustunnar fellur undir stjórnsýslu hinna 15 þjónustusvæða sveitarfélaga sem nú eru til staðar fyrir þjónustu við fatlað fólk á landinu. Til að NPA miðstöðin geti starfað og haft NPA notanda, sem á lögheimili innan tiltekins þjónustusvæðis, í umsýslu hjá miðstöðinni verður NPA miðstöðin að hafa starfsleyfi frá þjónustusvæðinu. Einnig þarf NPA miðstöðin að gera NPA samstarfssamning við þjónustusvæðið, sem er einskonar rammisamningur sem m.a. heimilar NPA notanda sem býr innan þjónustusvæðis að nota miðstöðina sem umsýsluaðila. Ákvæðin um starfsleyfin og NPA samstarfssamninga er að finna í lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks. Þrátt fyrir að ákveðin samningsform hafi verið gerð af hálfu NPA verkefnisstjórnar hafa þjónustusvæðin útfært NPA samstarfssamninga með mismunandi hætti að nokkru leyti og sama gildir um NPA samningana við NPA notendur og NPA reglur þjónustusvæðanna. Ennfremur er fjárhæð NPA vinnustundar í mörgum tilvikum mismunandi milli þjónustusvæða. Þá er afstaða og krafa sveitarfélaga um skilagreinar, upplýsingagjöf og eftirlit mismunandi milli þjónustusvæða. Ef NPA miðstöðin ætlar að starfa á öllum þjónustusvæðunum 15, sem vilji er til, þá þarf að fá starfsleyfi og gera NPA samstarfssamninga við öll svæðin 15 auk samninga við hvern og einn NPA notanda. Hvert hinna 15 þjónustusvæða

hefur eftirlitshlutverk gagnvart þjónustuaðilum, sem hafa starfsleyfi.

Fulltrúi NPA miðstöðvarinnar í NPA verkefnisstjórn hefur tekið þátt í vinnu við samningaform og endurskoðun NPA handbókar og mikil vinna hefur verið lögð í þau mál af skrifstofustjóra miðstöðvarinnar. Það væri mikið hagræði af því að samræmi væri á landsvísu í regluverki og framkvæmd NPA þjónustunnar. Með því móti yrðu grundvallar borgaraleg réttindi og mannréttindi nær því að vera þau sömu á landsvísu, sem er eðlileg krafa fatlaðs fólks. Engin breyting hefur orðið á því að ef NPA notandi flytur lögheimili sitt milli þjónustusvæða eru ýmsar stjórnsýslulegar hindranir til staðar, t.d. krafa um að hafa verið búsettur og með lögheimili í sveitarfélagi í til tiltekinn tíma áður en réttur til að sækja um NPA samning myndast.

NPA VINNUSTUNDIN

Taxti, fjárhæð á hverja klukkustund sem skipt er í þrennt



NPA vinnustundin og kjarasamningar

NPA vinnustundin (áður nefnd NPA jafnaðarstund, jafnaðartaxti) er taxti, fjárhæð á hverja klukkustund, sem samanstendur af launakostnaði NPA aðstoðarfólks (85%) og starfsmannakostnaði vegna aðstoðarfólks (5%) til ráðstöfunar fyrir NPA notandann og einnig umsýslugjaldi (10%) sem er framlag til þess kostnaðar sem hlýst af umsýslu með NPA samningnum, m.a. varðandi launabókhalð, annað bókhalð, fræðslu og aðra þjónustu við NPA notandann, aðstoðarfólk og sveitarfélög o.fl.

Rétt eins og önnur starfstímabil stjórnar NPA miðstöðvarinnar, hefur eitt stærsta vandamálið áfram verið að sveitarfélög reikni út og ákveði taxta NPA vinnustundar í NPA samningum, sem tekur mið af kjarasamningum á vinnumarkaði. Í langflestum tilvikum er taxti NPA vinnustundar þannig að enginn kjara-

samningur á Íslandi getur verið grundvöllur taxtans, þ.e. taxti NPA vinnustundar er töluvert undir slíkum taxta. Lágur taxti NPA vinnustundar hefur valdið mörgum NPA notendum verulegum vandræðum, jafnvel skuldsetningu við NPA miðstöðina, og er bein skerðing á NPA þjónustunni. NPA notendur í dag verða í raun að fækka vinnustundum aðstoðarfólks síns þegar launahækkanir verða skv. kjarasamningum, ef þeir eiga að halda kostnaði innan NPA fjárframlags sveitarfélags. Jafnvel þó þeim hafi í NPA samningi í upphafi verið úthlutað tilteknum vinnustundafjölda aðstoðarfólks þá dugar ekki NPA fjárframlagið fyrir raunverulegum launakostnaði þess vinnustundafjölda. Kjarasamningsbundnar launahækkanir urðu 1. janúar 2016 og síðan aftur 1. maí 2017. Þá eru frekari hækkanir framundan á móttframlagi vinnuveitanda í lífeyrisjóð. Þrátt fyrir að sveitarfélög hafi í auknum mæli brugðist við kjarasamningshækkunum undanfarin misseri eru mörg þeirra ekki að fylgja raunverulegum hækkunum hjá notendum.

Kjarasamningsbundnar launahækkanir þurfa að vera í ákvæðum NPA samninga og fjárhæð NPA vinnustundar að vera sú sama á landsvísu til að

jafnræðis sé gætt. NPA miðstöðin er með sérkjara-samning við Eflingu og Starfsgreinasambandið (SGS) og byggir hann á aðalkjarasamningi þessara stéttarféлага á almennum vinnumarkaði. Eitt meginatriðið í NPA sérkjarasamningi miðstöðvarinnar hefur verið að útfæra og semja ákvæði um hvíldarvaktir (sofandi næturvaktir), en þar hefur náðst ákveðin lending. Í 9. tölul. bráðabirgðaákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er að finna heimild og ákvæði er varða hvíldarvaktirnar, en í því ákvæði segir að ákvæðið gildi „til ársloka 2017 eða þar til lög verða sett um notendastýrða persónulega aðstoð“. Vinnueftirlitið hafði aðkomu að umfjöllun um ákvæðin í NPA sérkjarasamningi um hvíldarvaktirnar. Mikil samskipti hafa verið á starfstímabilinu við Eflingu og Starfsgreinasambandið vegna NPA sérkjarasamnings NPA miðstöðvarinnar og ýmissa atriða við framkvæmd hans.

Stjórn og starfsfólk NPA miðstöðvarinnar þakkar félagsmönnum, NPA aðstoðarfólki og hinum fjölmörgu samstarfsaðilum hjá ríki, sveitarfélögum, stéttarfélögum og öðrum fyrir samskiptin á liðnu starfstímabili.

Stjórn NPA miðstöðvarinnar